

Almennar upplýsingar við greiningu

Við greiningu!

Krabbameinsgreining getur komið þér úr jafnvægi og við slikað aðstæður getur verið erfitt að ná einbeitingu og spryra spurninga um sjúkdóminn og mögulega lækningu. Þessi bæklingur hjálpar þér að spryja um stöðuna og þú getur skrifað þar niðurstöður greiningar eða beðið lækninn að gera það.

Samráð við lækni

Þú þarf að ræða við lækninn þinn um næstu skref og mögulegar meðferðir. Hann getur hjálpað þér að koma skipulagi á hugsanir þínar og vangaveltur og hjálpað þér að leita áreiðanlegra upplýsinga. Hann getur bent þér á upplýsingar á netinu, afhent þér bæklinga og leiðbeint þér á annan hátt. Maki þinn eða annar aðstandandi getur lagt þér lið í viðtalini með því að hlusta, spryja spurninga og skrifa niður upplýsingar og athugasemdir.

Val um meðferðir út frá þinni stöðu

Meðferðarmöguleikar ráðast mikið af því hvort krabbamein í blöðruhálskirtli sé staðbundið eða hafi breiðst út fyrir kirtilinn. Þú gætir haft valkosti varðandi meðferðir og/eða virkt eftirlit. Mikilvægt er að fá upplýsingar um stöðu krabbameinsins og þá kosti sem eru í stöðunni.

Farðu yfir spurningarnar í þessum bæklingi og athugaðu hvort þær geti gagnast þér í samtalini við læknirinn þinn og við að átta þig á stöðunni og hvað sé framundan.

Framför auðveldar þér verkefnið

Við getum aðstoðað þig í þessu verkefni og auðveltað þér að takast á við það. Hjá Framför færðu upplýsingar um mögulegar leiðir og ráðgjöf í samstarfi við Ráðgjafþjónustu Krabbameinsfélagsins og Ljósið.

Um Framför og fyrirvarar um notkun á upplýsingum

Um Framför

Krabbameinsfélagið Framför er félag karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda. Félagið veitir upplýsingar, fræðslu og stuðning ásamt því að vera hagsmunaðili fyrir félagsmenn. Upplýsingar eru veittar í samstarfi við fagfolk og eru yfirfarnar af fagaðilum. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu félagsins www.framfor.is.

Fyrirvari varðandi upplýsingar

Vertu í sambandi við þinn lækni og/eða heilsugæslu varðandi áhyggjur af þinni heilsu eða þínu krabbameini í blöðruhálskirtli. Hafðu alltaf samráð við þinn lækni áður en þú byrjar eða hættir í meðferð, þar með talið lyfjanotkun. Upplýsingar í þessum bæklingi eru ekki ætlaðar til sjálfsgreiningar né að koma í staðinn fyrir faglega læknisráðgjöf.



Ljósið

Framför er
í samstarfi við Ljósið
endurhæfingar-
og stuðningsmiðstöð



Framför

í samstarfi við Félag
þvagfæraskurðlæknna
á Íslandi




Krabbameinsfélagið

Framför er
eitt af aðildarfélögum
Krabbameinsfélags
Íslands

Krabbameinsfélagið Framför, félag karla
með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Krabbameinsfélagið Framför, félag karla
með krabbamein í blöðruhálskirtli og aðstandenda
Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík - Sími 5515565 - www.framfor.is

Framför
Krabbameinsfélag



Spurningar
við greiningu á krabbameini
í blöðruhálskirtli.

Nánari upplýsingar á
www.framforiheilsu.is


Ráðgjöf án endurgjalds í síma 5515565
eða tölvupósti framfor@framfor.is

Spurningar varðandi krabbameinsgreiningu þína



- Getur þú útskýrt fyrir mér krabbameinið í blöðruhálskirtli sem ég er með?
- Hversu hættulegt er þetta krabbamein?
- Lítur út fyrir að krabbameinið sé staðbundið í kirtlinum eða hefur það dreift sér?
- Viltu skýra út fyrir mér hvað PSA og Gleason tölurnar mínar þýða?
- Þarf ég að fara í fleiri rannsóknir eða sýnatökur áður en ég tek afstöðu til þess hvaða meðferð ég kýs?


PSA:



Gleason:



Þéttleiki:



Spurningar varðandi meðferðarmöguleika



- Hvaða meðferðir koma til greina og hverjir eru kostir þeirra og gallar?
- Hvaða aukaverkanir fylgja hverri meðferð og hversu langvinnar eru þær?
- Er þörf fyrir umönnun og er fjarvera frá vinnu mismunandi eftir því hvaða meðferð er valin?
- Hvar get ég fengið aðstoð við að taka ákvörðun ef ólíkar meðferðir standa mér til boða?

Aðrir sérfræðingar og annað álit:

- Það er eðlilegt að vilja fá skoðun og mat annars sérfræðings.
- Læknirinn þinn getur vísað þér til annars sérfræðings, t.d. þvagfæraskurðlæknis, geislasérfræðings eða sérfræðings í lyfjameðferð.
- Ef þér finnst erfitt að biðja lækninn þinn um ábendingu eða tilvísun til annars sérfræðings þá getum við hjá Framför aðstoðað þig.

Ráðgjöf og stuðningur við greiningu



Viðtal hjá Krabbameinsfélaginu Framför
Eftir greiningu getur þú hringt eða komið í viðtal og fengið nánari upplýsingar um næstu skref. Síminn er 5515565 og netfangið okkar er framfor@framfor.is

Upplýsingar á netinu
Á vefsíðunni www.framforheilsu.is eru góðar upplýsingar fyrir þá sem greinast og aðstandendur þeirra.

Ráðgjöf við greiningu

Hjá Krabbameinsfélaginu er ókeypis ráðgjöf hjá sálfræðingum, félagsráðgjöfum og hjúkrunarfræðingum. Síminn er 800 4040 og netfangið radgjof@krabb.is. Hægt er að mæta í Skógarhlíð 8 í Reykjavík eða á Glerárgötu 34, 2. hæð, á Akureyri. Fyrir hendi er stuðningsnet með aðilum með svipaða reynslu og fyrir aðstandendur.

Endurhæfing eftir meðferð

Ljósið endurhæfingamiðstöð er með fræðslu, upplýsingar og ráðgjöf fyrir þá sem hafa farið í meðferð við krabbameini og aðstandendur þeirra. Sérhæfða endurhæfingu og stuðning, þar sem fagfólk aðstoðar við að byggja upp líkamlegt og andlegt þrek og aðstoðar við að setja markmið til að efla virkni og bæta lífsgæði.